

Fimmtudaginn 27. apríl 1995.

Nr. 282/1992.

Kristinn Friðþjófsson

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Ólafur Axelsson hrl.)

Samningur. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Hrafn Bragason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. júní 1992 og krefst þess, að hann verði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum stefnda og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Skipaútgerð ríkisins var lögð niður með lögum nr. 53/1992. Breytist heiti málsins í samræmi við það.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að fallast á þá niðurstöðu hans, að ósannað sé, að samningur hafi stofnast um kaup Skipaútgerðar ríkisins á vöruylftara þeim, sem greinir í dóm-inum.

Í febrúar 1988 gerðu áfrýjandi og Skipaútgerð ríkisins samning þess efnis, að áfrýjandi annaðist á Patreksfirði afgreiðslu skipa hins síðarnefnda. Samkvæmt samningnum tók áfrýjandi meðal annars að sér að taka á móti vörum til flutnings frá Patreksfirði og afhenda viðtakendum vörur, sem komu þangað með skipum útgerðarinnar. Um farmgjöld og önnur gjöld, sem áfrýjanda var skylt að innheimta hjá viðtakendum farms, er kveðið svo á í upphafi 5. gr. fyrrnefnds samnings, að umboðsmaður sé skuldfærður fyrir ógreiddum flutningskostnaði. Í 5.6. gr. samningsins segir, að umboðsmaður veiti „viðskiptavinum gjaldfrest á flutningskostnaði á sína ábyrgð“. Síðan segir í grein þessari, að dráttarvextir falli á skuld umboðsmanns frá og með fyrsta degi annars mánaðar frá úttekt. Málsaðilar eru sam-

mála um, að af samningsákvæðum þessum leiði, að áfrýjandi ábyrgist gagnvart Skipaútgerð ríkisins greiðslu á flutningskostnaði, sem áfrýjandi lánar viðskiptavinum án heimildar frá útgerðinni.

Krafa stefnda á hendur áfrýjanda, að fjárhæð 664.295 krónur, er tvíþætt, annars vegar ógreiddur flutningskostnaður, sbr. það, sem nú var rakið, og hins vegar flutningskostnaður, sem áfrýjandi hefur innheimt, en ekki staðið skil á. Í málinu er ekki tölulegur ágrein-
ingur.

Áfrýjandi ber fyrir sig, að vegna þeirra fyrirmæla, sem hann hefur eftir þáverandi framkvæmdastjóra Skipaútgerðar ríkisins og rakin eru í héraðsdómi, hafi forsendur brostið fyrir þeirri ábyrgð á greiðslu flutningskostnaðar, sem fólst í fyrrgreindum ákvæðum samnings málsaðila. Hafi áfrýjanda því verið heimilt að afgreiða vörur með þessum hætti án þess að baka sér ábyrgð vegna hugsanlegra vanskila viðskiptamanna. Framkvæmdastjóri Skipaútgerðar ríkisins kom ekki fyrir dóm í málinu, og engar skýrslur liggja fyrir frá honum um fullyrðingar áfrýjanda um fyrirmæli þessi. Þykir áfrýjandi ekki hafa leitt nægar sönnur að því, að Skipaútgerð ríkisins hafi fallið frá rétti þeim, sem hún átti eftir nefndum samningsákvæðum.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, sem hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Friðþjófsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 11. desember 1991.

Mál þetta, sem var þingfest 12. janúar 1990 og dómtekið 18. nóvember 1991 að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Skipaútgerð ríkisins, kt. 590269-6549, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, fyrir aukadómþinginu á hendur Kristni Friðþjófssyni, kt. 241033-2019, Urðargötu 15, Pat-

reksfirði, með stefnu, út gefinni 6. desember 1989 og birtri 18. desember 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 734.045 kr. með dráttarvöxtum [...]. Í réttarhaldi 18. nóvember 1991 lagði stefnandi fram leiðréttingu á dómkröfum, þar sem krafist er, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 664.295 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði að svo stöddu sýknaður af kröfum stefnanda, og stefnanda dæmt að greiða sér málskostnað [...].

Sættir í málinu hafa verið reyndar, en án árangurs.

Málavextir.

Stefndi gerðist umboðsmaður stefnanda 1. mars 1988 á Patreksfirði skv. umboðsmannasamningi, en hætti í starfinu ári síðar að undangenginni uppsögn stefnanda með símskeyti, dagsettu 29. nóvember 1991. Til grundvallar umboðsmennskunni var umboðsmannasamningur aðila, dagsettur 10. febrúar og 24. febrúar 1988. Starf umboðsmanns skv. umboðsmannasamningi var fólgið í venjulegri afgreiðslu skipa í fullu samráði við fulltrúa Skipaútgærdar ríkisins. Í samningi þessum voru ákvæði um vöruflutninga, skipaþjónustu, vörutjón, þóknun til umboðsmanns og uppgjör. Er stefndi lét af umboðsmennsku sinni, voru fjárhæðir útistandandi hjá viðskiptamönnum á staðnum vegna flutningsgjalda, sem skuldfærð höfðu verið hjá stefnda skv. lið nr. 5 í umboðsmannasamningi um uppgjör. Kröfur að fjárhæð 476.501 kr. 26. janúar 1990 setti stefndi í innheimtu í Eyrasparisjóði, Patreksfirði. Stefndi kveðst hafa óskað eftir því við stefnanda, að þessar kröfur yrðu bakfærðar á viðskiptareikningi sínum, en því hafi ekki fengist framgengt. Er stefndi tók við umboðsmennskunni, keypti hann vörulyftara til notkunar við að koma vörum, sem stefnandi flutti, í hús og úr. Er umboðsmennskunni lauk, kveðst stefndi hafa farið þess á leit við stefnanda, að hann keypti lyftarann og andvirðið gengi að því leyti, sem til þyrfti, til að gera upp skuld sína á viðskiptareikningi hjá stefnanda.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda beri að greiða stefnanda útistandandi skuldir, er umboðsmennsku hans lauk. Stefndi vísar til meginreglna kröfuréttar um samninga og efndir skv. þeim kröfu sinni til stuðnings. Stefndi vísar til skuldbindingargildis samninga. Umboðsmannasamningur hafi verið gerður árið 1988, sem stefndi kys að kalla samstarfssamning. Hér sé ekki um eiginlegan umboðsmannasamning að ræða, þar sem stefndi hafi starfað sem sjálfstæður aðili í eigin nafni og á

eigin ábyrgð. Vísad er í bókina Samningarétt eftir Pál Sigurðsson, útg. 1987, bls. 172–174, um þetta atriði.

Upp úr samstarfi hafi slitnað sumarið 1989 án sérstaks samkomulags. Eftir hafi staðið, að stefndi hafi átt eftir að greiða svokallað geymslufé. Mál þetta sé höfðað til innheimtu þessara fjármuna. Stefnandi vísar til fram lagðra reikningsyfirlita Skipaútgerðar ríkisins um fjárhæð kröfu. Stefnandi vísar sérstaklega í samning aðila um greiðsluskyldu stefnda. Í lið 5.1. segi, að umboðsmaður skuli skuldfærður fyrir ógreiddum flutningskostnaði. Í lið 5.3. segi, að umboðsmaður skuli gera upp greiddan flutningskostnað mánaðarlega, og í lið 5.6. segi, að umboðsmaður veiti viðskiptavinum gjaldfrest á flutningskostnaði á sína ábyrgð.

Um breytingu dómkrafna segir stefnandi, að um breytingu á vaxtakröfu sé að ræða, þar sem hún hafi ekki verið rétt reiknuð í stefnu. Varðandi at-
hugasemd um, að hún sé of seint fram komin, vísar stefnandi til þess, að heimild sé til breytinga kröfu í málflutningi, ef þær eru gagnaðila ekki óhagstæðar. Því sé gert ráð fyrir hámarki á fjárkröfu, svo að ekki sé um hækkun heildarfjárhæðar að ræða frá fyrri dómkröfum.

Stefnandi vísar kröfu stefnda um sýknu að svo stöddu á bug. Viðurkennt sé, að til tals hafi komið, að einhver skipstjóri á vegum skipaútgerðarinnar skoðaði umræddan lyftara, en fráleitt sé, að einhver samningur hafi komist á um kaup á þessum lyftara, enda langt um liðið og því sýnilega ekki vilji af hálfu skipaútgerðar til kaupanna. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 um einkamál í héraði eigi ekki við í þessu tilfelli, þar sem í þeirri grein sé talað um, að greiðslu- eða fullnægjuskylða sé ekki komin. Hér sé þessu ekki svo farið, þar sem kröfur máls þessa eru löngu komnar í gjalddaga, sbr. lið 5.3. í starfssamningi, þar sem segi, að umboðsmaður skuli gera upp greiddan flutningskostnað mánaðarlega. Þessu til stuðnings reifar stefndi Hrd. 505, 1951, þar sem fram komi, að sterk rök þurfi, til að sýknað verði að svo stöddu.

Stefnandi telur ósannað, að framkvæmdastjóri stefnanda, Þórður Sveinson, hafi um mitt sumar 1988 gefið stefnda þau fyrirmæli, að afgreiða ætti vörur beint frá skipshlið til að hraða afgreiðslu. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir þessu, og vitnisburður stefnda og vitnis sé ekki marktækur um þetta atriði, þar sem þeir eigi hagsmuna að gæta og séu ekki hlutlausir um þetta atriði. Auk þess myndu fyrirmæli sem þessi ekki breyta ákvæði samningsins um, að stefndi bæri ábyrgð á veittum gjaldfresti.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnanda beri að bakfæra kröfur þær, sem til innheimtu eru í Eyrasparisjóði, enda beri sér ekki skylda til að annast innheimtu fyrir stefnanda, eftir að samningur þeirra rann út. Við

Það er miðað, að gjaldfrestur, sem veittur var viðskiptavinum, hafi verið veittur skv. fyrirmælum stefnanda og því á hans ábyrgð; auk þess hafi orðið samkomulag um, að stefndi léti verðmætan lyftara með það í huga, að stefnandi tæki hann upp í eftirstöðvar skuldar og greiddi stefnanda mismun. Er stefndi tók við umræddri umboðsmennsku, hafi hann þurft að kaupa vöru lyftara til notkunar í starfi sínu. Lyftari þessi, sem er af Hystergerð, hafi kostað sig um 700.000 kr. Eftir að umboðsmenskunni lauk, hafi hann engin not haft fyrir lyftarann og farið þess á leit við stefnanda, að hann keypti lyftarann og andvirðið gengi að hluta til greiðslu skuldar við stefnanda. Viðmælandi hans hjá stefnanda hafi ekki tekið því ólíklega og sagt sér, að þeir myndu láta einn af skipstjórum sínum, skipstjóran á ms. Öskju, að því er stefnda minnir, skoða lyftarann. Vilji hafi því staðið til samninga um lyftarann, en ekki hafi enn orðið af því og því ekki verið unnt að semja um söluna á honum til stefnanda. Að svo vöxnu máli geti stefnandi ekki gert kröfu um greiðslu skuldar á viðskiptamannareikningi, og því beri að sýkna stefnda að svo stöddu. Stefndi vísar til II. kafla laga nr. 7/1936 og 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 máli sínu til stuðnings.

Stefndi mótmælir breyttri vaxtakröfu sem of seint fram kominni, þar sem hún leiði til hækkunar kröfu, en slíkt sé óheimilt. Telur stefndi, að dæma beri vexti í samræmi við upphaflega kröfugerð, en reikna beri þá af leiðréttum höfuðstól, en ekki ofreiknuðum.

Stefndi mótmælir skilningi stefnanda á samningi aðila. Hér sé um dæmi gerðan umboðsmannasamning að ræða í skilningi samningalaga. Öll farmbréf séu á eyðublöðum stefnanda. Grein 5.1. í umboðsmannasamningi sýni einmitt ótvírætt, að um umboðsmannasamning sé að ræða. II. kafli laga nr. 7/1936, samningur aðila um reglur samningaréttar, leiði til þess skilnings, að um umboðsmannasamning sé að ræða. Sumarið 1988 hafi verið lagt fyrir stefnda af framkvæmdastjóra skipaútgerðar að afgreiða allar vörur strax, þótt ekki hefði verið fyrir þær greitt. Telja verði, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi fullt umboð til slíkra fyrirmæla, og því hafi hann þar með firt stefnda allri ábyrgð á skuldum viðskiptavina skipaútgerðar.

Stefndi í máli þessu, Kristinn Friðþjófsson, hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu svo og vitnið Bjarni Th. Bjarnason.

Stefndi, Kristinn Friðþjófsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði skrifað undir starfssamning 24. febrúar 1988, en hafið störf 1. mars 1988. Í júní eða júlí 1988 hafi Þórir Sveinsson fyrir hönd Skipaútgerðar ríkisins komið á Patreksfjörð og viljað breyta rekstri á þann hátt, að afgreiða skyldi vörur beint frá skipshlið. Hann hafi þá bent Þóri á, að fyrirtæki hér væru illa stödd og skulduðu mikið, þ. á m. Hraðfrystihús Patreksfjarðar. Þórir

hafi þá sagt, að menn hefðu sagt, að stefndi sjálfur skuldaði hér í bæ, og nefndi í því sambandi Sæmund Kristjánsson, sem hins vegar hafi ekkert kannast við að hafa sagt þetta. Kvaðst stefndi hafa fengið fyrirmæli hjá Þóri um að afgreiða vörur beint frá skipshlið, en við þær aðstæður hafi farið að safnast upp skuldir, þar sem ekki sé hægt að reikna út flutningsgjöld, áður en varan er afhent. Stefndi telur, að við þessi samskipti og ummæli hafi ábyrgð á gjaldfresti skv. umboðsmannasamningi „gufað upp“. Hafi hann óskað eftir því við innheimtumann eða gjaldkera stefnanda, er hann hætti störfum, að skuldir viðskiptamanna yrðu bakfærðar af reikningi hans, enda væri honum ómögulegt að innheimta þessar skuldir, eftir að hann hætti störfum. Skuldir þessar setti stefndi í innheimtu í Eyrasparisjóði og hafi strax boðið stefnanda að kaupa lyftara, er notaður var við starfið, og mismunurinn yrði sér greiddur. Skipstjóri, sennilega á Öskju, hafi skoðað lyftarann, en síðan hafi ekkert meira í þeim heyrst. Stefndi tekur fram, að hann hafi ekkert getað nýtt sér lyftarann, eftir að starfi þessu lauk, en hann hafi verið keyptur á sínum tíma til þess að geta annað þessu starfi.

Stefndi kveðst hafa lánað helstu fyrirtækjum í mánaðarreikning, og þá hafi hann skilið það svo, að slíkt væri á sína ábyrgð skv. umboðsmannasamningi, en eftir komu Þóris Sveinssonar hafi stefndi litið svo á, að öll lánsviðskipti hafi verið á ábyrgð stefnanda. Um mismun á skuldum í innheimtu í Eyrasparisjóði og kröfu stefnanda kveðst stefndi skulda einhvern mun, sem þar er á milli. Stefndi telur kostnaðarverð lyftara hafa verið um 700.000 kr.

Starfslok sín hafi verið með þeim hætti, að sér hafi borist uppsagnarbréf í símskeyti. Stefndi kveður reksturinn hafa verið rekinn í sínu nafni, en annar aðili hafi í raun unnið við þetta, en á ábyrgð stefnda. Stefndi tekur fram, að ef ekki hefði komið til afskipta Þóris, hefði hann hagað rekstri sínum öðruvísi. Stefndi hafi viljað ráða of miklu um reksturinn, hvenær ætti að vera opið, o. s. frv., en slíkt stangist á við 6. gr. umboðsmannasamnings um, að umboðsmaður starfi sjálfstætt á eigin ábyrgð.

Stefndi segir, að sér sé ekki kunnugt um, hvort eitthvað hafi innheimst af þeim skuldum, sem til innheimtu eru í sparisjóðnum. Stefndi segist ekki geta fullyrt um það, hvort eitthvað af skuldunum sé til komið eftir komu framkvæmdastjóra skipaútgerðar til Patreksfjarðar, en slíkt megi sjá á viðkomandi fylgiskjöllum. Stefndi tekur fram, að einstöku fyrirtæki á staðnum hafi samið beint við Skipaútgerð ríkisins um að senda víxla suður til greiðslu fyrir viðskipti.

Vitnið Bjarni Th. Bjarnason skýrði frá því fyrir dómi, að hann hefði hafið störf hjá stefnda 1. mars 1988 og unnið fram í miðjan janúar 1989. Vitnið

upplýsti, að tíðkast hefði að veita traustari viðskiptavinum gjaldfrest, en breyting orðið á þessum viðskiptaháttum um mitt sumar 1988, er Þórir Sveinsson, framkvæmdastjóri yfir einhverri deild hjá Skipaútgerð ríkisins, hefði boðað breytingar, er hann kom til Patreksfjarðar. Fyrirmæli Þóris hefðu verið þau að veita liprari þjónustu og afhenda vörur fyrir og jafnvel þótt ekki hefði verið búið að greiða flutningsgjald. Vitnið minnir, að Þórir hafi komið í júlí eða ágúst. Eftir komu hans hafi viðskiptahættir breyst, og er líða tók á haustið, var farið að afgreiða vörur beint frá skipshlið. Vitninu var sýnt dómskjal nr. 7, og aðspurt telur það, að skuldir þar séu að mestu frá síðari hluta ársins 1988 og síðan frá 1989. Vitnið segir, að sér hafi ekki verið kunnugt um, hvernig ábyrgð á gjaldfresti var háttáð. Vitnið man, að stefndi hafi sagt Þóri, að mörg fyrirtæki væru skuldug og ekki óhætt að lána hverjum sem væri, en Þórir hafi „snúið út úr því“. Vitnið man, að stefndi bauð stefnanda lyftarann til kaups, en meira viti það ekki um það mál.

Niðurstaða.

Svo sem fram hefur komið, er deilt um ábyrgð stefnda á skuldum viðskiptavina vegna flutningskostnaðar. Af hálfu stefnda er krafist sýknu að svo stöddu af þeirri ástæðu, að bindandi samningur hafi komist á um kaup á lyftara af Hyster-gerð. Þessu mótmælir stefnandi. Óumdeilt er í málinu, að stefndi hafi boðið stefnanda að kaupa lyftara þennan og að stefnandi hafi brugðist við því með því að segjast ætla að skoða eða hafi skoðað hann. Stefndi segir, að lyftari þessi hafi verið skoðaður og síðan hafi ekkert meira heyrst í stefnanda um þessi kaup. Ekkert er fram komið í málinu um, að stefnandi hafi samþykkt tilboð stefnda um kaup á lyftaranum. Gegn mótmælum stefnanda verður því að telja ósannað, að bindandi samningur hafi komist á um kaup stefnanda á lyftara þessum, hvort sem hann var skoðaður af stefnanda eða ekki. Verður því hafnað kröfu stefnda um sýknu að svo stöddu.

Verður því næst tekin til athugunar ábyrgð stefnda á skuldum viðskiptamanna. Stefndi telur, að stefnanda beri að bakfæra kröfuupphæð af viðskiptareikningi sínum, þar sem stefnda beri ekki skylda til að annast innheimtu fyrir stefnanda, eftir að samningur þeirra rann út. Viðurkennt er af stefnda, að hann hafi borið ábyrgð á veittum gjaldfresti til viðskiptavina, sbr. lið 5.6. í umboðsmannasamningi. Hins vegar hafi ábyrgð á gjaldfresti fallið niður eftir komu framkvæmdastjóra stefnanda um mitt sumar 1988, og sé nær öll skuldin til komin á tímabili eftir það. Stefndi mótmælir því sem ósönnuðu, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi gefið þessi fyrirmæli. Í málflutningi hefur verið deilt um eðli réttarsambands aðila máls, hvort um

umboðsmannasamning er að ræða eða ekki. Samningur aðila heitir umboðsmannasamningur, og alloft í samningi er vitnað til UMBOÐSMANNS með stórum stöfum. Umboðsmennska er fólgin í því, að umboðsmaður gerir löggerninga í nafni annars manns, umbjóðandans, gagnvart þriðja manni samkvæmt heimild frá umbjóðanda, en verður ekki sjálfur bundinn við þann löggerning, sem stofnast á milli umbjóðanda og þriðja manns í skjóli umboðsins. Fram hefur komið, að öll farmbréf voru á nafni stefnanda, en hins vegar er einnig upplýst, að stefndi rak fyrirtækið í eigin nafni og á eigin ábyrgð, sbr. ákvæði í samningi aðila. Skýr ákvæði eru í samningi aðila um ábyrgð stefnda á veittum gjaldfresti. Í lið 5.6. segir m. a.: „UMBOÐSMAÐUR veitir viðskiptavinum gjaldfrest á flutningskostnaði á sína ábyrgð.“ Og í lið 6.0. segir: „UMBOÐSMAÐUR starfar sjálfstætt á eigin ábyrgð og ber samkvæmt því skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann sjálfur eða starfsmenn á hans vegum kunna að valda.“ Þótt heiti samnings aðila hafi verið umboðsmannasamningur, er ljóst, að efni hans felur ekki í sér eiginlegan umboðsmannasamning, sbr. áður nefnda skilgreiningu, þar sem stefndi rak fyrirtæki sitt í eigin nafni og bar ábyrgð á veittum gjaldfresti. Stefndi hefur gegn mótmælum stefnanda sagt, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi fyrirskipað, að vörur skyldu afgreiddar beint frá skipshlið, og hafi hann þá bent á, að slíkt gæti verið varasamt, þar sem ýmsir aðilar á Patreksfirði skulduðu mikið. Stefndi ber sönnunarbyrði fyrir því, að við komu framkvæmdastjóra stefnanda sumarið 1988 hafi réttarstaða aðila breyst frá skýrum ákvæðum samnings á þann hátt, að frá þeim tíma hafi stefndi ekki lengur borið ábyrgð á veittum gjaldfresti. Ekki hefur komið fram í skýrslu stefnda fyrir dómi, að hann hafi gert stefnanda grein fyrir þessari afstöðu sinni né gert athugasemd um þessa skoðun sína fyrr en í flutningi málsins fyrir dómi. Samkvæmt því þykir ósannað, að réttarstaða aðila hafi breyst frá ákvæðum samnings. Þykir því stefndi skv. skýrum ákvæðum í samningi aðila bera ábyrgð á veittum gjaldfresti til viðskiptavina, á meðan samningssamband aðila var í gildi.

Stefnandi breytti dómkröfu sinni við aðalflutning máls og lækkaði höfuðstól stefnukröfu í 664.295 kr., en jók við vaxtakröfu með því að krefjast vaxta fyrir lengra tímabil. Í 113. gr. laga nr. 85/1936 segir m. a.: „Kröfum, sem ekki getur í stefnu, skal vísa frá dómi, nema tækifæri hafi verið til að koma þeim að með framhaldsstefnu eða gagnaðili samþykki framkomu þeirra. Samsvarandi er um hækkanir á kröfu eða aðrar breytingar gagnaðilja í óhag, sem ekki hafa heimild í stefnu.“ Samkvæmt framansögðu er óheimilt að hækka kröfu eða breyta aðila í óhag. Stefndi hefur mótmælt hækkun vaxtakröfu stefnanda sem of seint fram kominni, og fallast verður

á það með vísan til 113. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi hefur við málflutning sagt, að ekki sé um hækkun kröfu að ræða, þar sem reikna skuli með þaki á kröfu, þannig, að hún hækki ekki frá kröfugerð í stefnu. Þessu mótmælir stefndi sem breyttri kröfugerð frá stefnu stefnda í óhag, og fallast verður á það með vísan til sömu greinar einkamálalaga. Þykir því um kröfu stefnanda rétt að miða við lækkaðan höfuðstól og vaxtakröfu eins og hún er í upphaflegri stefnu.

Eftir úrslitum máls þessa ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákvarðast 124.809 krónur.

Dóm þennan kvað upp Sölvi Sölvason, fulltrúi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Friðþjófsson, kt. 241033-2019, Urðargötu 15, Patreksfirði, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kt. 590269-6549, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, 664.295 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 13. september 1989 til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól stefnukröfu á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. september 1990.

Stefndi greiði stefnanda 124.809 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
